

FÉV2A05 - Félagsleg virkni

Námsáætlun, haustönn 2021

Kennari/kennarar:

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir

Netfang/netföng:

gudrun.hallgrimsdottir@borgo.is

Lýsing:

Fjallað er um félagslega virkni og þátttöku í samfélaginu út frá fræðilegu sjónarhorni. Komið er inn á helstu hugtök og þjónustuleiðir tengt félagslegum úrræðum, m.a. innan heilbrigðis- og skólakerfisins sem og sveitarfélaga. Kynntir eru helstu frístundamöguleikar og nemendur hvattir til skapandi hugsunar á því sviði. Fjallað er um notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og helstu aðferðir til að meta þörf og stuðla að aukinni þátttöku í félags- og frístundastarfi. Áhersla er lögð á að nemendur læri að finna viðeigandi tólmstunda-, íþrótt- og frístundastarf með þarfir ólíkra einstaklinga að leiðarljósi. Þeir læra jafnframt mikilvægi þess að sinna gefandi og valdeflandi starfi og að einblína á styrkleika með tilliti til heilsufars, hömlunar, fötlunar og félagslegrar stöðu þátttakenda.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemendur tileinki sér þá kunnáttu að skilja mikilvægi og umfang samskipta, iðju og samfélagsþátttöku á mismunandi æviskeiðum, forvarnastarf frístunda og hvernig þær tengjast lífsstíl einstaklingsins. Þeir hafi vitneskjum um hvernig þátttaka getur farið fram í samfélaginu. Þeir hafi skilning á mikilvægi iðju og áhrifum heilsuþrestra, fötlunar, hömlunar og félagslegrar stöðu á notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og möguleika þeirra til samfélagsþátttöku.

Námsmat:

Námsmat er byggt upp af einstaklings- og hópverkefnum, kynningum, heimaprófi, mætingu og þátttöku í umræðum.

- Þátttaka í umræðum og dreifnámslotum gildir **20%**
- Almenn skilaverkefni gilda **20%**
- Félagsleg virkni og þátttaka í samfélaginu í fjölmiðlum gildir **5%**
- Hópverkefni (10%) og kynning (10%) í lotu 2 gildir **20%**
- Lokaverkefni (10%) og kynning (10%) í lotu 3 gildir **20%**
- Heimapróf sem gildir **15%**

Námsgögn:

Námsgögn áfangans birtast á innu undir Efni, ekki þörf á að kaupa námsefni.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skyldumæting í umræðutíma og dreifnámslotur. Mikilvægt að skila verkefnum á réttum tíma. Nauðsynlegt að skila öllum matsatriðum til að standast áfangann.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	23.-27. ágúst	Kennslulota 1	Umræður
2	30. ágúst- 3. sept.	Börn, sjálfsmynd og leikur	
3	6.-10. sept.	Börn, tengslamyndun og tengslavandi	Skilaverkefni
4	13.-17. sept.	Unglingar og sjálfsmynd	
5	20.-24. sept.	Konur og einhverfa	Skilaverkefni
6	27. sept.- 1. okt.	Fristundaheimili og félagsmiðstöðvar	
7	4. okt.- 8. okt.	Kennslulota 2	Skilaverkefni
8	11. okt.- 15. okt.	Sjálfsábyrgð, hvatning og lífsleikni	
9	18. - 21. okt.	Félagsleg úrræði	Skilaverkefni
10	26. - 29. okt.	Kirkjan	
11	1.-5. nóv.	Rauði kross Íslands	
12	8.-12. nóv.	Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands	Skilaverkefni
13	15.-19. nóv.	Samtök og stofnanir	
14	22.-26. nóv.	Félagsfærni	
15	29. nóv - 3. des.	Kennslulota 3	Skilaverkefni
16	6.-10. des.	Heimapróf	Heimapróf
17	13.-17. Des.	Eingunnagjöf	Kennslu lýkur Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.